



Hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfði
Kjartan Kjartansson, framkvæmdastjóri
Sólmundarhöfði 5
300 Akranes

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8700 hrn@hrn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 19. mars 2019
Tilv.: HRN19011636/04.67.05

Efni: Fjölgun dagdvalarrými á Höfða - svar

Heilbrigðisráðuneytið vísar til erindis hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða dags. 24. október 2017 og ítrekun þess erindis í tölvupósti dags. 21. janúar 2019 um fjölgun og breytingu á dagdvalarrýmum.

Í erindinu er þess farið á leit að dagdvalarrýmum á Höfða sé fjölgað um fimm og heimild sé veitt til að breyta 10 almennum dagdvalarrýmum í sérhæfð dagdvalarrými fyrir fólk með heilabilun.

Í ljósi óvissu um rekstur dagdvalarrýma vegna samningsleysis um þjónustuna, hefur ekki verið hægt að fjölga dagdvalarrýmum þó eftirspurnin sé vaxandi. Það hefur þó komið í ljós að í heilbrigðisumdæmi Vesturlands eru fimm ónýttar rekstrarheimildir til dagdvalarrýma og hefur ráðherra ákveðið að þær rekstrarheimildir skulu færast innan heilbrigðisumdæmisins og á Akranes þar sem þörf fyrir þær er mest. Um er að ræða tvær rekstrarheimildir dagdvalarrýma á Jaðri í Ólafsvík, tvær í Barmahlíð á Reykhólum og eina í Fellaskjóli í Grundarfirði.

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfði hefur því rekstrarleyfi fyrir 25 dagdvalarrýmum í stað 20 frá 1. mars 2019.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra


Elsa B. Friðfinnsdóttir


Guðlaug Einarsdóttir

Ljósrit: Sjúkratryggingar Íslands, Heiðbjört Ófeigsdóttir, Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík.
Færni- og heilsumatsnefnd, Heilsugæslustöðin í Borgarnesi, Borgarbraut 65, 310 Borgarnesi.